



FUNDARGERÐ

259. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði fimmtudaginn 27. júní 2019 kl. 12:00.

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Ágústa Björnsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Jón Steinar Garðarsson Mýrdal, Skúli Björnsson varamaður og Páll Breiðfjörð Pálsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum var fjarverandi: Björg Björnsdóttir.

Dagskrá:

1. Gjaldskrá
2. Lóðamál
3. Skýrsla framkvæmdastjóra
4. Önnur mál

Gunnar Jónsson, formaður stýrði fundi.

1. Gjaldskrá

"Heitt vatn er dýrmæt auðlind og stjórn HEF ber skylda til að standa vörð um skynsamlega nýtingu á þeirri auðlind sem og traustan rekstur fyrirtækisins. Veitan starfar ekki á háhitasvæði og í því skyni hefur HEF sett sér gjaldskrá sem tryggir nægar rekstrartekjur til að standa undir nauðsynlegum rekstrarþáttum og fjárfestingum til framtíðar. Stjórn gengur út frá því að sú gjaldskrá gildi fyrir alla notendur en áskilur sér eftir sem áður rétt til að gera sérstaka samninga við einstaka notendur sem byggja á að um sé að ræða stórnotendur og fyrirtæki í nýsköpun á fyrstu starfsárum".

2. Lóðamál.

Hugmynd kom frá eigendum Herðishússins um að sveitarfélagið legði veg á lóðamörkum Herðishúsa og Fóðurstöðvar. Stjórn HEF hvetur eigendur Herðishúsa að leita til skipulagsyfirvalda vegna þeirra hugmynda.

3. Skýrsla framkvæmdastjóra.

- a) Lagt var fram bréf til Íslandsbanka varðandi lánaskilyrði.
- b) Framkvæmdastjóri greindi frá kynningarfundum með eigendum og íbúum Hafrafells varðandi lagningu hitaveitu þangað, samhliða lagningu 3ja fasa rafstrengs Rarik.
- c) Vinna HEF varðandi Vök Baths er á lokastigi.
- d) Vinna við Fénaðarklöpp er hafin á ný eftir nokkurt hlé.
- e) Framkvæmdastjóri greindi frá ýmsum öðrum verkefnum sem eru í vinnslu.

Gunnar Jónsson vék af fundi.

f) Framkvæmdastjóri greindi frá fundi hans og varaformanns með landeigendum varðandi lóð undir hreinsiviki nýrrar fráveitu við Melshorn.

Gunnar Jónsson kom aftur inn á fundinn.

4. Önnur mál.

Jón Steinar spurði hvernig verkefnið Ísland ljóstengt stæði. Vinna við undirbúning er í gangi en hefur aðeins seinkað.

Einnig spurði Jón um gang mála í lagningu útrásar frá nýju hreinsivirki. Tilboð er komið í efnið en ekki búið að bjóða út verkið.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundargerðin samþykkt og fundi slitið kl. 14:40.

Fundargerð ritaði Gunnhildur Ingvarsdóttir.